158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 386 — 78. mál.
2. umræða.

Nefndarálit með frávísunartillögu

um frumvarp til laga um barnavernd.

Frá minni hluta velferðarnefndar.

Í nefndaráliti meiri hlutans er þess getið að málið sé endurflutt, sbr. 580. mál á 157. löggjafarþingi, en frumvarpið varð ekki útrætt vegna alvarlegra athugasemda sem gerðar voru við það. Þeim tilmælum var beint til ríkisstjórnarinnar að nýta sumarmánuðina til að lagfæra tiltekin atriði í frumvarpinu en þegar frumvarpið var lagt fram að nýju voru einu breytingarnar þær sem lagðar voru til í nefndaráliti meiri hlutans sl. vor, sbr. þingskjal 1345 á 157. löggjafarþingi.

Þótt ýmis atriði frumvarpsins séu til bóta er að mati minni hlutans enn sömu ágalla að finna á því og áður og er frumvarpið því ótækt til afgreiðslu í núverandi mynd. Frumvarpið kveður á um tuttugu heimildir til að útfæra lögin frekar með reglugerð. Í einhverjum tilfellum færi betur á því að um skyldu til setningar reglugerðar væri að ræða í stað heimildar.

Fóstur (VIII. kafli).

Einna alvarlegustu athugasemdirnar við frumvarpið varða fósturkafla þess og eru raunar ástæða þess að afgreiðslu frumvarpsins var frestað á síðasta löggjafarþingi. Fyrir liggur að á undanförnum árum hefur Mannréttindadómstóll Evrópu kveðið upp allmarga dóma sem varða fyrirkomulag fósturs í Noregi. Dómur yfirdeildar dómstólsins í máli Strand Lobben o.fl. gegn Noregi nr. 37283/13, frá 10. september 2019, var stefnumarkandi í þessum efnum. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að fóstur væri að meginreglu tímabundin ráðstöfun og að á barnaverndaryfirvöldum og ríkinu hvíldi jákvæð skylda til að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna á nýjan leik, það væri jafnt réttur barnsins og réttur foreldris. Í fyrirkomulagi fósturs fælist því brot gegn 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Brotalamir voru ítrekaðar í síðari málum, sem einkum vörðuðu tengsl blóðforeldra við börn sín sem vistuð voru í varanlegu fóstri.

Í kjölfar dómanna var ráðist í umtalsverðar breytingar á fósturkerfinu í Noregi, auk þess sem fjölskipaður hæstiréttur Noregs brást við með þremur stefnumarkandi dómum árið 2020. Fósturkerfið hér á landi er ekki óskylt því norska og í athugasemdum við frumvarpið á síðasta þingi komu m.a. fram áhyggjur þess efnis að íslenska ríkið kynni, í ljósi nefndrar dómaframkvæmdar, að brjóta gegn skyldum sínum gagnvart mannréttindasáttmála Evrópu. Sökum þess lagði minni hlutinn til í vor að ríkisstjórnin tæki málið til sín og að sumarmánuðirnir yrðu nýttir til að gera bragarbót á málinu hvað þetta varðar. Það var ekki gert og er fósturkaflinn nær óbreyttur á milli þinga þrátt fyrir þá staðreynd að hægðarleikur væri að líta til breytinga Norðmanna í þessum efnum.

Í minnisblöðum mennta- og barnamálaráðuneytis, dags. 4. maí, 8. júní og 26. október 2026, kemur fram að vinna hafi staðið yfir í ráðuneytinu með helstu hagaðilum og að unnt sé að ná fram úrbótum með setningu reglugerða um efnið. Minni hlutinn hefur talsverðar efasemdir um meðferð málsins og telur æskilegra að vinna fósturkaflann betur, jafnt hvað þetta atriði varðar svo og önnur sem komu fram við meðferð málsins.

Færsla úrskurðarvalds frá sveitarfélögum.

Með 13. gr. frumvarpsins er lagt til að fjögur umdæmisráð barnaverndar, sem starfa á vegum sveitarfélaga, verði lögð niður og að eitt ríkisrekið barnaverndarráð taki við úrskurðarvaldinu, þ.m.t. um beitingu stuðningsúrræða án samþykkis, vistun barns utan heimilis án samþykkis í allt að fjóra mánuði og vistun í sérhæfðum úrræðum.

Minni hlutinn telur þessa grundvallarbreytingu ekki nægilega rökstudda. Við fyrri meðferð málsins var bent á að fullyrðingar um misræmi í úrlausnum ráðanna og áhrif fjárhagslegra sjónarmiða á ákvarðanir styddust ekki við gögn. Jafnframt hefur verið varað við lengri málsmeðferðartíma, að sérþekking sem byggst hefur upp í umdæmisráðum glatist og að fjölskyldur á landsbyggðinni njóti ekki sambærilegrar þjónustu.

Minni hlutinn leggur áherslu á að við niðurlagningu umdæmisráða verði tryggt að fjölskyldur á landsbyggðinni njóti sömu þjónustu og réttaröryggis og íbúar höfuðborgarsvæðisins. Barnaverndarráð taki ákvarðanir um mjög íþyngjandi inngrip, svo sem vistun barns utan heimilis án samþykkis í allt að fjóra mánuði. Þegar slíkar ákvarðanir eru teknar skiptir miklu máli að foreldrar, barn og talsmaður þess geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri án óhóflegs tilkostnaðar eða tafa. Ráðuneytið hefur lýst því að engin áform séu um að skerða þjónustu við landsbyggðina en ekkert í frumvarpinu eða greinargerð með því kemur til móts við þær áhyggjur.

Réttindi fatlaðra barna og foreldra.

Ýmsir umsagnaraðilar gera athugasemdir við samspil frumvarpsins við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, nr. 80/2025. Minni hlutinn tekur undir þær athugasemdir og gerir þær að sínum. Betur færi á því að lög væru nokkuð skýr um þetta efni og önnur atriði sem nefnd hafa verið.

Að sama skapi lýsir minni hlutinn furðu á því að frumvarpið gangi, að því er virðist, gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættar stuðningsþarfir frá 19. mars 2025. Samkvæmt því tekur ríkið aukna ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu þessara barna utan heimilis og á uppbyggingu sérhæfðra vistunarúrræða. Ráðuneytið vísar sjálft til samkomulagsins sem forsendu frumvarpsins. Samspil frumvarpsins við fyrrnefnd lög veldur því að skilgreiningin í 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins missir marks og er möguleiki á að hún nái ekki til barna sem þurfa vistun samkvæmt lögum nr. 38/2018. Kostnaður sem því fylgdi kæmi til með að lenda á sveitarfélögum.

Sá möguleiki er fyrir hendi að ríkið úrskurði um að tiltekið barn lendi á kerfum sveitarfélags en sum sveitarfélög, einkum og sér í lagi þau sem eru fámenn, hafa ekki bolmagn til að bera slíkan kostnað. Enn fremur getur úrskurður í reynd þýtt að fjárhagur sveitarfélags fari úr skorðum. Að mati minni hlutans er ótækt að kveðið sé á um slíkt í lögum án þess að nauðsynlegt mat á kostnaði liggi fyrir.

Að framangreindu virtu leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til frekari vinnslu.

Alþingi, 10. nóvember 2026.

Rósa Guðbjartsdóttir, frsm.	Árni Helgason.	Sigríður Á. Andersen.

Þórarinn Ingi Pétursson.